



8. nóvember 2018
1811022

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra til breytingar á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum – 149. löggjafarþing, 212. mál.

Með lagabreytingu þeirri er frumvarpið kveður á um fengi Þjóðskrá Íslands aðgang að upplýsingum um leiguverð atvinnuhúsnæðis, upp úr skattframtölum og fylgigögnum þeirra.

Ekki er til áreiðanleg mæling á meðalleiguverði atvinnuhúsnæðis hér á landi, þar sem leiguverðsskrá Þjóðskrár líður syrr takmarkaðan aðgang stofnunarinnar að upplýsingum. Haldgóðar upplýsingar um markað með atvinnuhúsnæði eru af skornum skammti, en hann skiptir miklu fyrir fjármálastöðugleika, enda er stór hluti allra trygginga að baki útlánaðum innlásstofnana á formi atvinnuhúsnæðis.

Samantekt og birting Þjóðskrár Íslands á vísitölu leiguverðs atvinnuhúsnæðis myndi gagnast Seðlabankanum með mikilvægum hætti við kerfisáhættugreiningu og þannig styðja við viðleitni hans til að ná því markmiði sínu að stuðla að fjármálastöðugleika, sbr. 4. gr. laga nr. 36/2001.

Seðlabanki Íslands styður því framgang frumvarpsins.

Virðingarfyllst,
SEDLABANKI ÍSLANDS

Rannveig Sigurðardóttir Eggert P. Þórarinsson

Rannveig Sigurðardóttir
aðstoðarseðlabankastjóri

Eggert P. Þórarinsson
aðstoðarframkvæmdastjóri